

Viðtals- og skráningargrunnur A

Læsi, leið A

1 Stig 2 3

Nemendur á byrjunarstigi í lestri og skrift



Nafn nemandans:.....



Viðtals- og skráningargrunnur A

Notaðu þennan skráningargrunn ef nemandinn er á byrjunarstigi í lestri og skrift.

Upplýsingar til þín sem framkvæmir fyrirlögn

Notaðu viðtals- og skráningargrunn A fyrir nemendur sem eru metnir á byrjunarstigi í lestrar- og skriftarnámi sínu samkvæmt niðurstöðum úr Stigi 1. Það geta verið yngri nemendur eða eldri nemendur með litla eða enga skólagöngu að baki.

Notaðu viðtalsgrunninn og *Verkefni A – Tákn, orð og setningar*. Hér á eftir fylgja leiðbeiningar um hvernig þú leggur fyrir verkefni og spurningar um reynslu nemandans í læsi. Þú skráir niðurstöður nemandans úr verkefnum í grunninn og svör hans við spurningum um læsisreynslu. Skrifaðu nákvæmlega þannig að aðrir geti nýtt sér skráninguna. Strikaðu yfir verkefni og spurningar sem þú notar ekki í fyrirlögninni.

Verkefni stigþyngjast og þú þarft að meta eftir hvert verkefni hvort það er rétt að halda áfram í næsta. Ef nemandinn getur öll verkefni getur þú haldið áfram í texta 1 í *Verkefni B – Textar*.

Ef *Verkefni A – Tákn, orð og setningar* eru ekki til þýdd á tungumál nemandans er hægt að aðlaga viss verkefni með aðstoð fjöltyngds starfsmanns eða túlks. Notaðu þá efnið í *Verkefni A1 – Tákn, orð og setningar*. Það kemur fram í Viðtals- og skráningargrunninum hvaða verkefni er hægt að aðlaga.

Sum tungumál hafa ekki bókstafi heldur annars konar tákn. Í nokkrum verkefnum er því talað um bókstafi/tákn. Veljið það sem hæfir tungumáli nemandans.

Undirbúningur

- Lestu viðtals- og skráningargrunninn ásamt *Stöðumati einstaklings* fyrir Stig 1
- Prentaðu út verkefni A öðrum megin á blaðsíðu og í lit.
- Taktu fram myndefnið (útprintað í lit eða rafrænt) og annað prentað eða rafrænt efni á tungumáli nemandans ef þú hefur það handbært. Það getur verið léttara fyrir nemandann og túlkinn ef þú ert með efnið útprintað en að sýna myndir á skjá.
- Hafðu við höndina blýant og strokleður fyrir nemandann.

Upplýsingar fyrir nemandann

- Segðu að þið munið ræða um lestur og skrift, að nemandinn eigi að gera nokkur verkefni og geti alltaf spurt ef hann er ekki viss um eitthvað.
- Útskýrðu að skólinn hafi áhuga á að vita hvað nemandinn kann til þess að geta stutt hann á réttan hátt í náminu.
- Segðu að nemandinn hafi frjálst val um að svara spurningunum og geti hvenær sem er sagt til um ef hann vill ekki halda áfram.
- Útskýrðu hlutverk túlksins.

Stöðumat Stig 2 Læsi

Nafn nemandans:Fæðingardagur:

Dagsetning og kennari:

Sterkasta tungumál nemandans:

Tungumál Stöðumatsins:

Framkvæmd

Stöðumatið hefst á því að nemandinn gerir nokkur verkefni. Því næst spyrð þú nemandann um læsisreynslu hans.

Verkefni

Formáli

Byrjaðu á að segja við nemandann:

- Þú ert áður búinn að segja að þú getir enn ekki lesið og skrifað nógu vel, þú hefur eflaust séð skrifaðan texta og getur ef til vill lesið lítils háttar.

Verkefni 1



Skrifaðu nafn, aldur, orð og tákn

Taktu fram Blað 1

Getur þú skrifað nafnið þitt?

- Ef nemandinn svarar já biður þú hann að skrifa nafnið sitt á Blað 1
- Ef nemandinn getur ekki skrifað nafnið sitt skrifar þú eða túlkurinn nafn nemandans á línuna og lest það upphátt

Nemandi skrifar nafn sitt: Já Að hluta Nei

Athugasemd:

.....

.....

.....

Getur þú skrifað hvað þú ert gamall/gömul?

- Ef nemandinn svarar já biður þú hann að skrifa það á Blað 1. Annars skrifar þú eða túlkurinn.

Getur þú skrifað nokkur orð, bókstafi eða tölustafi?

- Ef nemandinn svarar já biður þú hann að skrifa á Blað 1

Nemandinn skrifar nokkur orð: Já Nei

Nemandinn skrifar nokkur tákni: Já Nei

Nemandinn skrifar nokkra tölustafi: Já Nei

Athugasemdir:

.....

.....

.....

**Verkefni 2****Lesi tákni****Taktu fram Blað 2**

Ef verkefnið er ekki þýtt á tungumál nemandans má nota Blað 2 í Verkefni A1

Þekkir þú einhverja af þessum bókstöfum/táknum? Getur þú lesið þá/þau upphátt?

Nemandinn les bókstafina/táknin upphátt: Já Að hluta Nei

Getur þú lesið einhverja bókstafi/tákni á öðru tungumáli?

Nemandinn getur lesið nokkra bókstafi/tákni á öðru tungumáli: Já Nei

Athugasemd:

.....

.....

.....

Verkefni 3**Lesi tákn – latneska stafrófið****Taktu fram Blað 3**

- Þetta verkefni notar þú eingöngu ef tungumál nemandans notar ekki latneska stafrófið. Tilgangurinn með verkefninu er að athuga hvort nemandinn þekkir latneska stafrófið og veit í hvaða átt á að lesa. Bókstafirnir eru í stafrófsröð en þú getur ráðið á hvaða staf þú bendir.

Þekkir þú einhverja af þessum bókstöfum? Getur þú lesið þá upphátt?

Nemandinn sýnir þekkingu á latneska stafrófinu: Já Nei

Veist þú í hvaða átt maður les þessi tákn?

Nemandinn þekkir lesáttina Já Nei

Athugasemd:

.....

.....

.....

Verkefni 4**Lesi orð****Taktu fram Blað 4**

- Spurðu hvort nemandinn geti lesið nokkur orð upphátt og bent á rétta mynd. Ef nemandinn getur ekki lesið orðin lest þú eða túlkurinn orðin og nemandinn bendir á rétta mynd.

Ef verkefnið er ekki þýtt á tungumál sem nemandinn kann notar þú Blað 4 í Verkefni A1.

Hér sérð þú nokkrar myndir og nokkur orð. Getur þú lesið orðin upphátt eitt í einu og bent á myndina af því sem þú last?

Nemandi tengir orð og mynd: Já Að hluta Nei

Athugasemd:

.....

.....

.....

- Ef nemandinn getur lesið orðin heldur þú áfram með verkefni 5.
- Ef nemandinn getur ekki lesið orðin ferðu beint í verkefni 6.

Verkefni 5

Lesi setningar



Taktu fram Blað 5

Ef verkefnið er ekki þýtt á tungumál nemandans notar þú Blað 5 í Verkefni A1

Hér sérð þú mynd og nokkrar setningar. Getur þú sagt frá því hvað þú sérð á myndinni? Getur þú lesið setningarnar upphátt?

Nemandinn les setningarnar: Já Að hluta Nei

Athugasemd:

.....

.....

.....

- Ef nemandinn les setningarnar án erfiðleika heldur þú áfram með verkefni 7, Lesskilningur, Ljónið og refurinn.
- Ef nemandinn getur ekki lesið setningarnar heldur þú áfram með verkefni 6, Hlustunarskilningur, Ljónið og refurinn.

Verkefni 6

Hlustunarskilningur: Ljónið og refurinn



Taktu fram Blað 6

- Útskýrðu fyrir nemandanum að hann fái að hlusta á frásögn um ljón og ref sem þú eða túlkurinn muni lesa upphátt.
- Segðu síðan nemandanum að hann eigi að segja, með sínum eigin orðum, um hvað frásögnin fjallaði.
- Láttu nemandann fá textann útprentaðan og segðu honum að hann geti fylgst með þegar lesið er upp.
- Lestu textann upphátt án nánari skýringa eða viðbóta.

Ef verkefnið er ekki þýtt á tungumál nemandans þarft þú að nota einfalda, stutta frásögn á tungumáli hans.

Endursögn

Getur þú, stuttlega og með eigin orðum, sagt hvað sagan fjallaði um?

Athugasemd: (munnleg frásögn, aðalatriði)

.....

.....

.....

.....

Ræddu söguna og hvettu nemandann til að hafa skoðun

Dýrin í sögunni héldu að ljónið væri veikt. Heldur þú að ljónið sé veikt? Af hverju heldur þú það?

Hvað heldur þú að hafi gerst með dýrin sem fóru inn til ljónsins? Af hverju heldur þú það?

Athugasemd:

.....

.....

.....

.....

Verkefni 7 (Blað 6)

Lesskilningur Ljónið og refurinn

- Þú biður nemandann að lesa textann upphátt.
- Ef nemandinn les allan textann sjálfur spyrð þú eftirfarandi spurninga munnlega.
- Ef nemandinn getur ekki lesið allan textann lest þú eða túlkurinn textann. Þú spyrð síðan spurninganna í verkefni 6.

Lestrarferli	Erfiðleikastig		Svar	Nemandi			
	Árgangur	Árgangur		Já	Nei		
	2	3	Já	Nei	Já	Nei	
1. <i>Úr texta</i>	L	L	Var ljónið í helli sínum allan tímann?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. <i>Úr texta</i>	L	L	Fór refurinn inn til ljónsins?	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. <i>Milli línanna</i>	M	L	Gaf refurinn ljóninu gjafir?	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. <i>Milli línanna</i>	S	M	Hafði ljónið borðað hin dýrin?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Athugasemd:

.....

.....

.....

Endursögn

5. Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt hvað sagan fjallaði um?

Athugasemd:

.....

.....

.....

Opnar spurningar

Tilgangur: Að athuga hæfni nemandans í að rökræða um textann. Ef nemandinn finnur ekki rök fyrir svörum sínum er mikilvægt að spyrja nánari spurninga.

6. Milli lína **Heldur þú að ljónið hafi verið veikt?**

Athugasemd:

.....

.....

.....

7. Milli lína **Var refurinn klárari en hin dýrin? Af hverju heldur þú það?**

Athugasemd:

.....

.....

.....

8. Utan texta **Heldur þú að það sé hægt að læra eitthvað af þessari sögu?**

Athugasemd:

.....

.....

.....

- Haltu áfram með spurningarnar um læsisreynslu nemandans.
- Lagaðu spurningarnar að aldri og fyrri skólagöngu.
- Notaðu myndirnar og hugsanlega eigið efni sem stuðning við spurningarnar.

Læsisreynsla nemandans

1. Reynsla af ritmáli og fjölmiðlum



Tilgangur: Að kanna reynslu nemandans af notkun ritmáls á mismunandi hátt.

- Leggðu fram mynd eða eigið efni og notaðu það til að hefja samtalið og gera spurningarnar nákvæmari.
- Lýstu stuttlega hvað er á myndinni, til dæmis hér sérð þú mismunandi bækur, tölvu og fleira.

Lestur



- Lest þú, skoðar eða notar það sem þú sérð á myndinni, heima eða í skólanum?

Dæmi um viðbótarspurningar um það sem nemandinn þekkir:

- Bækur? Um hvað eru þær? Hvaða bækur finnst þér skemmtilegar?
- Tímarit/dagblöð? Er eitthvað sérstakt sem þér finnst gaman að skoða eða lesa?
- Skilti og merki? Getur þú lesið það sem stendur á skiltum, pökkum, dósnum og fleiru?
- Töfluskript? Getur þú lesið það sem kennarinn skrifar á töfluna?

Bækur

Athugasemd:

.....

.....

Tímarit/dagblöð

Athugasemd:

.....

.....

Skilti/merki

Athugasemd:

.....

.....

Annað

Athugasemd:

.....

.....

Ritun



Spurðu eftirfarandi spurninga um hvort nemandinn geti skrifað (svör frá verkefnum og Stigi 1)

- Hvenær skrifar þú? (t.d. heima eða í skólanum)
- Getur þú sagt hvað þú skrifar?
- Á hvaða tungumáli skrifar þú? (Ef nemandinn kann fleiri en eitt tungumál)

Dæmi um viðbótarspurningar

- Tákn, orð og setningar í skrifbók?
- Eitthvað sem þú vilt muna?
- Dagbók, sögur, bréf, ljóð, söngvar og fleira?
- Annað?

Athugasemd:

.....

.....

Stafræn tæki



- Spurðu eftirfarandi spurninga um hvort nemandinn hafi notað stafræn tæki (gangið út frá svörum nemandans í Stigi 1 og notaðu myndefnið sem stuðning).
- Aðlagðu spurningarnar eftir því hvað nemandinn notar.

- Þú hefur sagt að þú notir síma/tölvu/spjaldtölvu. Notar þú þau til að skrifa á? Eða senda SMS?
- Getur þú lesið SMS?
- Notar þú síma/tölvu/spjaldtölvu til að afla upplýsinga? Getur þú sagt frá því? (T.d. hvar eitthvað er, hvað eitthvað þýðir og fleira.)

Eldri nemendur:

- Notar þú síma/tölvu/spjaldtölvu til þess að horfa á/hlusta á fréttir?

SMS

Athugasemd:

.....

.....

Annar rafrænn texti

Athugasemd:

.....

.....

2. Upplýsingaöflun

Tilgangur: Kanna hvaða aðferðir nemandinn notar við upplýsingaöflun.

- Þú spyrð eftirfarandi spurninga ef nemandinn minnst ekki á neina aðferð í upplýsingaöflun í fyrri svörum í viðtalinu eða í Stigi 1.



- Ef þú þyrftir að vita eitthvað eða vilt vita meira um eitthvað, hvað gerir þú þá? (T.d. hvar eitthvað er, hvað eitthvað þýðir eða annað?)

Athugasemd:

.....

.....

.....

3. Reynsla af upplesnum texta (ritmál)



Tilgangur: Kanna reynslu nemandans af að hlusta á upplestur og annað form af rituðu máli. Svörin geta sýnt hversu vel nemandinn er í stakk búinn til að takast á við tungumál í skólaumhverfi.



- Nú hefur þú hlustað á (eða lesið) sögu sem tekin var úr bók.
- Hefur þú hlustað á einhvern lesa upphátt úr bókum eða öðru áður? (Til dæmis heima, í skólanum eða annars staðar.)

Ef nemandinn svarar já:

- Getur þú sagt frá hvað lesið var upphátt? (Til dæmis frásagnir, úr tímaritum eða annars konar texta)
- Eruð þið vön að tala saman um það sem lesið var upphátt? (T.d. um einstök orð eða hvað textinn fjallaði um og hvað ykkur fannst ...)
- Horfir þú á sjónvarpsþætti eða hlustar á útvarp (eða hlustar á eitthvað í símanum þínum?). Hvernig þætti horfir, eða hlustar, þú á? (Ef nemandinn les getur þú spurt hvort hann lesi textann á sjónvarpinu.)

Upplestur

Athugasemd:

.....

.....

.....

Textaumfjöllun

Athugasemd:

.....

.....

.....

Sjónvarp/útvarp

Athugasemd:

.....

.....

.....

**Ef nemandinn kann fleiri tungumál**

- Á hvaða tungumáli er venjulega lesið? (upplestur)
- Á hvaða tungumáli eru þættirnir sem þú horfir/hlustar á?

Athugasemd:

.....

.....

.....

4. Reynsla af munnlegri frásögn



Tilgangur: Að kanna reynslu nemandans af eigin og annarra munnlegri frásögn. Svörin geta sýnt hæfni nemandans til að taka við munnlegum upplýsingum í skólanum, t.d. munnlegri frásögn.



- Hlustar þú einhvern tímann á aðra segja sögur eða annars konar frásagnir (sem ekki eru lesnar úr bókum)? Hefur þú gert það sjálf/ur einhvern tímann áður?
 - Eruð þið vön að ræða saman um það sem sagt var frá?
 - Segir þú öðrum sögur eða frásagnir?

 Munnleg frásögn annarra

Athugasemd:

.....

.....

.....

 Textaumfjöllun

Athugasemd:

.....

.....

.....

Eigin munnleg frásögn

Athugasemd:

.....

.....

**Ef nemandinn kann fleiri tungumál (sjá svör í Stigi 1)**

- Á hvaða tungumáli fer frásögnin fram (t.d. tungumál sem nemandinn hefur sagt frá að hann kunni).

Athugasemd:

.....

.....

.....

**5. Lok**

- (Til dæmis) Við höfum talað um hvað þú getur lesið og skrifað.
- Hvað myndir þú vilja geta lesið og skrifað þegar þú ert búin/n að læra meira?
- Er eitthvað meira sem þú vilt segja?

Athugasemd:

.....

.....

.....